



Reykjavík, 17. október 2018  
VEL2018100054

Alþingi - nefndarsvið  
nefndarsvid@althingi.is

***Umsögn vegna þingsályktunartillögu um stofnun ráðgjafastofu innflytjenda (þingskjal 19 - 19. mál).***

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fagnar þingsályktunartillögu um stofnun ráðgjafastofu innflytjenda. Það er mjög mikilvægt og löngu tímabært að bjóða upp á samþætta, heildræna og miðlæga upplýsingamiðlun sem er aðgengileg fyrir innflytjendum og flóttafólk sem staðsett er á sama stað og er ókeypis.

Reykjavíkurborg hefur verið leiðandi í vinnu með innflytjendum og flóttafólki og þar er til staðar mikil þekking og reynsla í vinnu með þessum fjölbreytta hópi. Velferðarsvið borgarinnar vill gjarnan vera þátttakandi í að byggja upp og þróa mögulega ráðgjafastofu innflytjenda og miðla af þekkingu sinni og reynslu. Sérstakur verkefnastjóri með sérþekkingu á málefnum innflytjenda er starfandi á velferðarsviði, Edda Ólafsdóttir sem veitir fúslega nánari upplýsingar (edda.olafsdottir@reykjavik.is).

Virðingarfyllst

Regina Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri